REGLUGERÐ

um 10. flokk Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

1. gr.

Veðdeildinni er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og verða þau kölluð 10. flokkur.

Fjárhæðir bréfanna skulu vera 500 000, 100 000, 50 000 og 10 000 krónur og skal hver deild hafa sérstakt bókstafseinkenni, er hvert bréf tölusett.

Bankavaxtabréfin skulu afhent eingöngu til greiðslu á lausaskuldum bænda vegna framkvæmda, jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa, sem þeir hafa ráðist í á árunum 1979-1983, að báðum árum meðtöldum.

2. gr.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum eru:

1. Veðskuldabréf þau er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð Búnaðarbanka Íslands.

Um ábyrgð ríkissjóðs fer eftir 2. grein laga nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands. Ef taka þarf til tryggginganna skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.

3. gr.

Bankavaxtabréfin eru verðtryggð að fullu miðað við lánskjaravísitölu útgefna af Seðlabanka Íslands.

Hækkun lánskjaravísitölu greiðist út við útdrátt bréfanna, svo og áfallnir vextir og verðbætur.

4. gr.

Afborgunum og endurgreiðslum lána skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna og fer eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu með 6 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar. Gjalddagi innleystra bréfa er 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 2. janúar 1986.

5. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í fasteignum bænda. Lánsfjárhæðin má eigi vera hærri en svo að hún, ásamt áhvílandi skuldum á fyrri veðréttum, fari ekki fram úr 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því og skal þá matsverðið ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkast hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

6. gr.

Að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga nr. 34 29. maí 1979 um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands og laga nr. 12 16. apríl 1984 um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 12 16. apríl 1984 um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. maí 1984.

Jón Helgason.

Sveinbjörn Dagfinnsson.